

Fylgiskjal 7.**Birting efnis frá LMÍ í fjölmiðlum.**

1. Dagblöð: Greiða skal kr. 5.000 fyrir hverja birtingu í dagblaði, án tillits til upplags.
 2. Tímarit: Greiða skal kr. 5.000 fyrir hverja birtingu í tímariti, án tillits til upplags.
 3. Sjónvarp: Greiða skal kr. 1.000 fyrir hverja birtingu á korti sem varir lengur en 10 sekúndur. Fyrir reglubundna stöðuga notkun skal greiða kr. 200.000 árgjald, án tillits til fjölda birtinga á ári.
- Allar fjárhæðir eru tilgreindar án virðisaukaskatts.

Fylgiskjal 8.**Birting og útgáfa efnis á veraldarvefnum frá Landmælingum Íslands.**

		kr. á kort/mynd
1. Árgjald	Grunngjald, 1 birting	5.000
2. Árgjald	2 til 10 birtingar	2.500
3. Árgjald	11 til 50 birtingar	1.000
4. Árgjald	yfir 50 birtingar	500

Birting á vefnum telst vera ein mynd eða kort (korthluti) í frumstærð A4 eða minni sem hluti af heimasíðu viðskiptavinar.

Allar fjárhæðir eru tilgreindar án virðisaukaskatts.

10. maí 1999

Nr. 324

AUGLÝSING**um innflutning á sláturafurðum sem ekki hafa fengið hitameðferð.**

Samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 479/1995 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar berist til landsins og um takmörkun á innflutningi afurða dýra, sem fengið hafa vaxtaraukandi efni, skulu þau vottorð og önnur gögn sem auglýsing þessi kveður á um liggja fyrir við tollafgreiðslu.

1. gr.

Skriflegt leyfi landbúnaðarráðuneytisins ásamt vottorðum sem krafist er samkvæmt 2. gr. þessarar auglýsingar skal liggja fyrir við innflutning á landbúnaðarvörum sem ekki hafa hlotið fullnægjandi hitameðferð og flokkast í vöruliði 0202, 0203, 0207, 0208 og 0210 í tollskrá, sbr. viðauka I við tollalög nr. 55/1987.

2. gr.

Innfluttum vörum sem flokkast í vöruliði 0202, 0203, 0207, 0208 og 0210 sbr. viðauka I við tollalög nr. 55/1987, og ekki hafa hlotið fullnægjandi hitameðferð, skulu fylgja þau vottorð sem hér greinir:

- a. Opinbert upprunavottorð.
- b. Opinbert heilbrigðisvottorð frá upprunalandi sem staðfesti að engir sjúkdómar sem eru á lista A frá OIE (Alþjóða heilbrigðismálastofnun dýra) hafi fundist í landinu í 6 mánuði fyrir útflutning. Hið sama gildir um þá sjúkdóma á lista B frá OIE sem ekki hafa fundist á Íslandi, skv. gildandi alþjóðaskrá OIE um heilbrigði dýra.
- c. Opinbert vottorð sem staðfestir að dýrum, sem afurðirnar eru af, hafi ekki verið gefin vaxtarhvetjandi efni á eldistímanum.
- d. Opinbert vottorð sem staðfestir að vörurnar hafi verið geymdar við a.m.k. -18°C í einn mánuð fyrir innflutning.

Endurprentað blað.

- e. Opinbert vottorð sem staðfestir að dýrunum, sem afurðirnar eru af, hafi verið slátrað í sláturhúsum og afurðirnar unnar í vinnslustöðvum, viðurkenndum af Evrópusambandinu eða bandarískum stjórnvöldum sem útflutningshús.
- f. Opinbert vottorð sem staðfestir að afurðirnar sé lausar við Salmonellusýkla. Ef vafi leikur á um áreiðanleika ofangreindra vottorða eða ef upplýsingar í þeim eru óljósar, sker yfirdýralæknir úr um gildi vottorða.

3. gr.

Hafi landbúnaðarráðuneytinu borist vitneskja þess efnis að sjúkdómur sem ekki finnst hér á landi sé til staðar í útflutningslandi, án þess að hann sé tiltekinn á lista skv. 2. gr. b, hefur ráðuneytið heimild til að hafna innflutningi frá því landi, þar til útflutningsaðili hefur lagt fram fullnægjandi sönnunargögn um að viðkomandi sjúkdómur sé ekki lengur til staðar á því svæði sem varan kemur frá.

Heimilt er að flytja inn hreindýrakjöt og alifuglakjöt með beini. Eingöngu er heimilt að flytja inn úrbeinað nautgripa- og svínakjöt.

4. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt reglugerð nr. 479/1995, með heimild í lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og í samræmi við tilskipun ráðs Evrópu-bandalaganna nr. 83/189/EBE um reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 525/1996, sbr. breytingu með auglýsingu nr. 665/1997.

Landbúnaðarráðuneytinu, 10. maí 1999.

Guðmundur Bjarnason.

Hjördís Halldórsdóttir.

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Fjarðabyggð.

I. KAFLI

Um reglu, velsæmi og almennt öryggi á almannafæri.

Regla og næði.

1. gr.

Með hugtakinu almannafæri er í samþykkt þessari átt við vegi, svæði og staði sem almenningur fer um eða ætlaðir eru til almenningsnota, utan húss eða innan, svo sem vegslanir, samkomustaðir og aðrir þjónustustaðir.

2. gr.

Bannað er að aðhafast nokkuð það, sem veldur ónæði eða raskar næturró manna.

3. gr.

Enginn má sýna öðrum áreitni á almannafæri eða sýna þar af sér ósæmilega háttsemi. Uppþot, áflog eða önnur háttsemi, sem raskar allsherjarreglu, má ekki eiga sér stað á almannafæri og ekki mega menn þyrpast þar saman, ef það truflar umferð eða veldur öðrum vegfarendum óþægindum.